

Fundargerð

Stjórn VJP - 135. fundur stjórnar VJP haldinn í Urriðaholtsstræti 6-8 og fjarfundi, 18. nóvember 2019, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Smáradóttir sérfræðingur á skrifstofu.

1. Svæðisráð norðursvæðis - 64 - 1910005F

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Rekstur 2019 - 1908028

Fyrir fundinum lá fyrir staða reksturs VJP.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 13:00

Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri þjóðgarðsins eftir 9 mánuði. Reksturinn er í ágætu jafnvægi að teknu tilliti til þess að samþykktar sértekjur skila sér hægar inn en áætlað var.

3. Rekstraráætlun 2020 - 1909023

Fyrir fundinum lá fyrir greinargerð með innsendri rekstraráætlun 2020.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 13:10

Fjármálastjóri upplýsti að tillaga að rekstraráætlun vegna ársins 2020 hafi verið send til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Einnig kynnti fjármálastjóri greinargerð með rekstraráætluninni.

4. SH - Bæjarráð - 919 - Fjallsárlón leigutekjur - 1911006

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Sveitafélagið Hornafjörð vegna Fjallsárlóns

Framkvæmdastjóri fór yfir samskipti við Sveitarfélagið Hornafjörð undanfarna mánuði vegna draga að samningi um um uppgjör leigutekna vegna samnings um starfsemi við Fjallsárlón. Fulltrúi stjórnar ásamt framkvæmdastjóra taka upp málið við umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

5. FSR - Samningur um frumathugun vegna Jökulsárlóns - Uppbygging - 1910017

Fyrir fundinum lá samningur við FSR um frumathugun vegna Jökulsárlóns til kynningar.

Framkvæmdastjóri kynnti samning við Framkvæmdasýslu ríkisins um gerð frumathugunar fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir Jökulárlón, uppbyggingu þjónustumiðstöðvar og annarra innviða. Með öðrum innviðum er átt við alla uppbyggingu á svæðinu í heild, svo sem rafmagn, vatn, fráveitu, bílastæði, salerni, gönguleiðir, gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs, veitingar, þjónustu rekstraraðila, skutlupjónustu, byggingar við lónið fyrir bátaferðir o.s.frv. Grunn gögn eru ný drög að

deiliskipulagi svæðisins við Jökulsárlón sem nú eru í vinnslu. Einnig til stuðnings eru tengd gögn af svæðinu sem nú er verið að vinna vegna nýs viðauka við Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs fyrir Breiðamerkursand.

6. Húsnæðismál Vatnajökulspjóðgarðs - 1909022

Fyrir fundinum lá bókun svæðisráðs suðursvæðis.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi bókun frá svæðisráði suður dags. 1. október sl. um húsnæðismál:

“Svæðisráð þakkar þjóðgarðsverði fyrir skýra og greinargóða samantekt á húsnæðismálum starfsmanna þjóðgarðsins á suðursvæði. Ljóst er að mikil þörf er á bæta húsnæðismál starfsmanna á suðursvæði. Svæðisráð óskar eftir að málið verði tekið fyrir á vettvangi stjórnar með það að markmiði að leitað verði leiða til að tryggja fjármuni til framkvæmda og varanlegra lausna.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs felur formanni stjórnar og framkvæmdastjóra að óska eftir fundir með fulltrúum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til að kynna stöðuna í húsnæðismálum starfsmanna þjóðgarðsins og leita leiða til að tryggja fjármuni til að hægt verði að byggja fjármuni til varanlegra lausna. Jafnframt er óskað eftir sambærilegri samantekt fyrir önnur rekstrarsvæði þjóðgarðsins. Einnig er mikilvægt að hafa samráð við sveitafélögin á viðkomandi svæðum.

7. Nýjadalur - drög að deiliskipulagi skálasvæðis - 1911003

Fyrir fundinum lágu drög að deiliskipulagi skálasvæðis í Nýjadal á Sprengisandsleið.

Gestir

Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður vestursvæði - 13:30

Þjóðgarðsvörður kynnti aðdraganda að vinnu við deiliskipulagstillögu fyrir Nýjadal. Stjórn lýsir ánægju með þessa vinnu en óskar eftir að tillagan verði kynnt á opnum fundi í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag. Einnig leggur stjórn áherslu á gott samráð við forsætisráðuneytið vegna tillögunnar þar sem um þjóðlendu er að ræða.

8. FÍ og VJP - Samstarfssamningur um Nýjadal á Sprengisandsleið - drög - 1911004

Fyrir fundinum lágu drög að samstarfssamningi við FÍ í Nýjadal á Sprengisandsleið.

Eins og fram kemur í viljayfirlýsingu á milli Vatnajökulspjóðgarðs og Ferðafélags Íslands frá 26.06.2019 þá staðfestu fulltrúar Vatnajökulspjóðgarðs og Ferðafélags Íslands vilja til að vinna vel saman innan marka þjóðgarðsins í almannapágu og til að stuðla að sjálfbærri nýtinu náttúru Íslands. Í viljayfirlýsingunni var m.a. lögð áhersla á að vinna saman að nýtingu á mannvirkjum og annarri aðstöðu Ferðafélags Íslands innan marka þjóðgarðsins. Á grundvelli þessa þá fagnar stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samstarfi við Ferðafélag Íslands um að koma upp betra húsnæði fyrir starfsmenn í Nýjadal, bæði frá Vatnajökulspjóðgarði og Ferðafélagi Íslands. Framkvæmdastjóra falið að undirrita leigusamning í samræmi við umræðu á fundinum vegna þessa um nýtt starfsmannahús í Nýjadal.

9. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Vatnajökulspjóðgarð - 2018-0014

Fyrir fundinum lá skýrsla Ríkisendurskoðunar vegna úttektar á starfsemi þjóðgarðsins.

Vinna Ríkisendurskoðunar við úttekt á Vatnajökulspjóðgarði kom til eftir óskir stjórnar og framkvæmdastjóra þjóðgarðsins þar um. Stjórn færir Ríkisendurskoðun þakkir fyrir gagnlega vinnu. Stjórn fagnar útkomu á skýrslu Ríkisendurskoðunar um Vatnajökulspjóðgarð sem nýlega kom út og var m.a. fjallað um af Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Skýrslan mun nýtast vel í áframhaldandi umbótastarfi Vatnajökulspjóðgarðs sem staðið hefur undanfarið ár. Umbótastarfið hófst í júní 2018 og hefur gengið vel í góðu og víðtæku samstarfi við fjölmarga aðila. Áður en umbótastarfið hófst hafði verið bent á nauðsyn þess að efla miðlæga starfsemi

Vatnajökulsþjóðgarðs og mikilvæg skref hafa nú verið stigin. Hjá Vatnajökulsþjóðgarði starfar öflugur hópur starfsfólks sem býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á uppbyggingu og rekstri eins stærsta þjóðgarðs í Evrópu sem er einstakur á heimsvísu. Það fékkst rækilega staðfest sl. sumar en þá samþykkti heimsminjaráð UNESCO að setja Vatnajökulsþjóðgarð á heimsminjaskrá. Stjórn samþykkir að halda áfram umbótastarfi með hliðsjón af þeim ábendingum sem fram hafa komið hjá Ríkisendurskoðun. Framkvæmdastjóra er falið að halda utan um málið og upplýsa stjórn um framgang úrbótastarfsins í upphafi komandi árs.

10. Innleiðingarætlun atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs - 1911002

Fyrir fundinum lágu drög að verkefnaáætlun innleiðingu atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Framkvæmdastjóri kynnti áætlun um innleiðingu á atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðsskrá og drög að reglugerð.

11. Stjórnunar- og verndaráætlun VJP 2020 - 2023 - 1909029

Fyrir fundinum lá fyrir að fjalla um stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Rætt um með hvaða hætti er best að halda áfram vinnu við endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórn óskar eftir því að svæðisráð geri tillögu um starfsáætlun og verklag við endurskoðun og viðbætur stjórnunar- og verndunaráætlunar þjóðgarðsins. Stjórn óskar eftir að stjórnunar- og verndaráætlun verði unnin á skipulegan hátt í samráði við þjóðgarðsverði svæða og m.a. með aðstoð landupplýsingakerfis.

12. UST - skýrsla sjálfbóðaliðastarfs 2019 - 1911005

Fyrir fundinum lágu upplýsingar frá UST vegna starfa sjálfbóðaliða innan þjóðgarðsins

Skýrsla lögð fram til kynningar. Stjórn þakkar fyrir skýrsluna og óskar eftir að fá að setja hana á vef þjóðgarðsins.

13. Fundaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2020 - 1911001

Fyrir fundinum lágu drög að fundaráætlun VJP 2020.

Tillaga að fundaráætlun samþykkt með smávægilegum breytingum og framkvæmdastjóra falið að koma henni til kynningar innan þjóðgarðsins.

14. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

Stjórn þakkar framkvæmdastjóra fyrir greinagott yfirlit og ljóst er að margt hefur áunnist undanfarið ár í eflingu stjórnsýslu og stefnumörkunar þjóðgarðsins. Stjórn óskar eftir því að framkvæmdastjóri leggi fram tillögu að starfs- og siðareglum svæðisráða.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 15:30.